

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 3. september 1998

um skrá um innlendar tilvísunarrannsóknarstofur fyrir greiningu efnaleifa

(tilkynnt með númeri C(1998) 2487)

(Texti sem varðar EES)

(98/536/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 96/23/EB frá 29. apríl 1996 um ráðstafanir til eftirlits með tilteknum efnum og leifum þeirra í lifandi dýrum og dýraafurðum og um niðurfellingu á tilskipunum 85/358/EBE og 86/469/EBE og ákvörðunum 89/187/EBE og 91/664/EBE ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. tilskipunar 96/23/EB skal tilnefna að minnsta kosti eina innlenda tilvísunarrannsóknarstofu í hverju aðildarríki fyrir greiningu tiltekinnna efna og efnaleifa, þannig að tilteknar efnaleifar eða tiltekinn efnaleifaflokkur verði einungis tekið til greiningar á einni tilvísunarrannsóknarstofu. Í þessu sambandi mega aðildarríkin halda áfram til 31. desember 2000 að fela nokkrum innlendum rannsóknarstofum, sem þau hafa tilnefnt fyrir samþykkt þeirrar tilskipunar, að framkvæma prófanir á sömu efnaleifum eða sama efnaleifaflokki.

Í 1. mgr. 14. gr. tilskipunar 96/23/EB er mælt fyrir um verk efni þessara innlendu tilvísunarrannsóknarstofa og kveðið á um að framkvæmdastjórnin setji saman skrá um slíkar innlendar tilvísunarrannsóknarstofur.

Viðaukann við þessa ákvörðun ber að endurskoða eigi síðar en 31. desember árið 2000.

Til glöggvunar ber að fella úr gildi tiltekin ákvæði í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/257/EBE frá 15. apríl 1993 um tilvísunaraðferðir og skrá yfir innlendar tilvísunarrannsóknarstofur fyrir greiningu efnaleifa ⁽²⁾.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Innlendar tilvísunarrannsóknarstofur fyrir greiningu efnaleifa, sem eru tilnefndar samkvæmt 14. gr. tilskipunar 96/23/EB, eru tilgreindar í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvæði 4. gr. ákvörðunar 93/257/EBE og viðaukinn við hana fellur úr gildi.

3. gr.

Ákvörðun þessa skal endurskoða eigi síðar en 31. desember árið 2000.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. september 1998.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB L 125, 23. 5. 1996, bls. 10.

⁽²⁾ Stjttíð. EB L 118, 14. 5. 1993, bls. 75.

VIDAUKI

INNLENDAR TILVÍSUNARRANNSÓKNARSTOFUR

Aðildarríki	Tilvísunarrannsóknarstofur	Flokkur efnaleifa
Belgía	Institut scientifique de la santé publique - Louis Pasteur Rue J. Wytsman 14 B-1050 Brussel	Allir flokkar
Danmörk	Veterinær- og Fødevarerdirektoratet Institut for Fødevareundersøgelser og Ernæring Afdelingen for Kemiske Forureninger (IFEFF) Mørkhøj Bygade 19 DK-2860 Søborg	Flokkur B2 Flokkur B3 (nema okkurtoxín A) og karbadox-ólakíndox
	Veterinær- og Fødevarerdirektoratet Institut for Fødevareundersøgelser og Ernæring Afdelingen for Fødevareanalyser (IFEFF) Odinsvej 4 Postboks 93 DK 4100 Ringsted	Flokkur A Flokkur B1 (nema karbadox-ólakíndox)
Dýskaland	Bundesinstitut für gesundheitlichen Verbraucherschutz und Veterinärmedizin Thielallee 88-92 D-14195 Berlin	Allir flokkar
Grikkland	Institute of Food Hygiene Neapoleos 25 Aghia Paraskevi 153 10 Athens	A2, A5, B1, B2d, B3a (PCB), B3b, B3e
	Institute of Biochemistry, Toxicology and Nourishment of Animals Neapoleos 25 Aghia Paraskevi 153 10 Athens	B3c, B3d
	Institute of Food Hygiene 26 Octobriou 66 546 27 Thessaloniki	A6 (Nítrófúran)
	Veterinary Diagnostic Laboratory Serres Terma Omonias 621 10 Serres	A1, A3, A4, B3a, (lífræn klórsambönd)
	Veterinary Diagnostic Laboratory Larissa 7th km E.O. Larossas 411 10 Larissa	B2a og B2b
	Veterinary Diagnostic Laboratory Tripolis Pelagos Arkadias 221 00 Tripolis	A6 (klóramfenikól)
	Veterinary Diagnostic Laboratory Patras Notara 15 264 42 Patras	B2c og B2e
Spánn	Centro Nacional de Alimentación Carretera Pozuelo-Majadahonda, km 6,2 Majadahonda (Madrid)	A1, A3, A4, A5, B1, B3c (aðeins fyrir fiskeldis- afurðir), B3d, B3e
	Laboratorio de Sanidad y Producción Animal Santa Fe (Granada)	B2a, B2b, B2c, B2f, B2e
	Laboratorio de Sanidad y Producción Animal Algete (Madrid)	A2, B2d

Aðildarríki	Tilvísunarrannsóknarstofur	Flokkur efnaleifa
Frakkland	Laboratorio Arbitral del Ministerio de Agricultura, Pesca y Alimentación Carretera de la Coruña km 10,7 (Madrid)	B3a, B3b, B3c (aðeins fyrir fiskeldisafurðir)
	Laboratorios anteriormente mencionados según su acción farmacológica	A6, B3f
	Laboratoire des dosages hormonaux ENV Nantes BP 50707 44307 Nantes Cedex 3	A1, A2, A3, A4, A5
	CNEVA Fougères Laboratoire des médicaments vétérinaires (LMV) La haute Marche-Javéné 35133 Fougères	A6, B1, B2a, B2b, B3e, B2d, B2e, B2f
	CNEVA Sophia Antipolis BP 111 06902 Sophia Antipolis Cedex	Allir flokkar fyrir hunang
Írland	CNEVA Paris 10, rue Pierre Curie 94700 Maisons Alfort	B2c B3a, B3b, B3c, B3d
	Central Meat Control Laboratory Abbotstown Castleknock County Dublin	Flokkur A Flokkur B1 Flokkur B2a, B2d, B2f Flokkur B3c
	State Laboratory Abbotstown Castleknock County Dublin	Flokkur A1, A3, A4, A5 Flokkur B1 Flokkur B2b, B2c Flokkur B3a, B3b, B3d
	Teagasc (National Food Centre) Dunsinea Castleknock Dublin 15	Flokkur B2a, B2c
	Marine Institute Fisheries Research Centre Abbotstown Castleknock Dublin 15	Flokkur B1, B2, B3 (aðeins fyrir fiskeldisafurðir)
Ítalía	Istituto superiore di sanità Viale Regina Elena 299 I-00161 Roma	Allir flokkar
Lúxemborg	Institut scientifique de la santé publique - Louis Pasteur Rue J. Wytsman 14 B-1050 Bruxelles	Allir flokkar
Holland	Rijkinstituut voor Volksgezondheit en Milieuhygiëne Antonie van Leeuwenhoeklaan 9 Bilthoven Postbus 1 3720 BA Bilthoven	Allir flokkar
	Rijkswaardeinstituut voor land- en tuinbouwproducten Bornsesteeg 45 6708 PD Wageningen	Allir flokkar
Austurríki	Bundesanstalt für Tierseuchenbekämpfung in Mödling Robert-Koch-Gasse 17 2340 Mödling	Lifandi dýr og nýtt kjöt Allir flokkar
	Bundesanstalt für Lebensmitteluntersuchung und -forschung Kinderspitalgasse 15 1095 Wien	Mjólk, egg og hunang Allir flokkar

Aðildarríki	Tilvísunarrannsóknarstofur	Flokkur efnaleifa
Portúgal	Laboratório Nacional de Investigação Veterinária Estrada de Benfica 701 P-1500 Lisboa Instituto de Investigação das Pescas e do Mar-IPIMAR Avenida de Brasília P-1400 Lisboa	Allir flokkar Flokkur B3c (aðeins fyrir fiskeldisafurðir)
Finnland	Eläinlääkintä- ja elintarvikelaitos (National Veterinary and Food Research Institute Hämeentie 57, Box 368, FIN-00231 Helsinki	Allir flokkar
Svíþjóð	Statens Livsmedelsverk Box 622 751 26 Uppsala	Allir flokkar
Breska konungsríkið	Central Veterinary Laboratory New Haw, Addlestone Surrey KT15 3NB Food Science Laboratory Colney Lane Norwich NR4 7UA Veterinary Research Laboratories Stormont Belfast BT4 3SD Food and Agricultural Chemistry Research Division Department of Agriculture for Northern Ireland Newforge Lane Belfast BT9 SPX	A1, A2, A3, B1 A3, B1, B2 A1a, A1c, A2, A3, B1, B2 A1b, A3, B1, B2